

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016, Sölvabakki, Hnjúkur og Öxi II, Blönduósbæ og Húnavatnshreppi.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. febrúar 2010 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Austur-Húnavatnssýslu 2004-2016 frá 23. mars 2006.

Breytingin felst í því að um 30 ha landbúnaðarsvæði í landi Sölvabakka í Blönduósbæ breytist í sorpförgunar- og efnistökusvæði, um 250 ha landbúnaðarsvæði í landi Hnjúka og opið svæði til sérstakra nota (reiðvöllur) austan við Blönduós breytist í iðnaðar- og athafnasvæði fyrir orkufreka starfsemi (gagnaver) og um 12 ha landbúnaðarsvæði í landi Axlar II í Húnavatnshreppi breytist í verzlunar- og þjónustusvæði og opið svæði til sérstakra nota (tjaldsvæði).

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. febrúar 2010.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.